

Nd.

258. Nefndarálit

[66. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 66 14. júlí 1975.

Frá samgöngunefnd.

Frv. þessu var vísað til samgöngunefndar Nd. 15. þ.m. Hefur nefndin því haft nauman tíma og harla lítið svigrúm til að skoða frv. nákvæmlega. Á hinn bóginn var málið um tíma í athugun hjá samgöngunefnd Ed., og gerði hún á því nokkrar breytingar. Verði hróflað við ákvæðum frv. í Nd., er borin von, að það nái afgreiðslu fyrir júl. Dregist hefur að leggja tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir Alþingi, m. a. vegna þess að breytingar á vegalögum lágu í loftinu. En vegáætlun verður að sjálfsgöðu að byggjast á gildandi vegalögum.

Nefndin hefur athugað frv. eftir föngum og kvatt á sinn fund Snæbjörn Jónason vegamálastjóra og Jón Rögnvaldsson yfirverkfræðing hjá Vegagerð ríkisins.

Nefndarmenn sumir telja nauðsynlegt, að tekið sé fram sérstaklega, að orðalag 3. gr. feli það ekki í sér, að lagning bundins slitlags eigi að vera forgangsverkefni, heldur beri að öðru jöfnu að leggja áherslu á að byggja upp vegakerfið. Telja þeir umrædda grein fela í sér þá hættu að þeir hlutar vegakerfisins, sem lélegastir eru, verði látnir mæta afgangi, en hraðbrautir hafi forgang. Aðrir telja efni greinarinnar einungis lúta að því, að umferðarmagn skuli ráða gerð vegarins. Að öðru leyti sé hún ekki stefnumarkandi.

Þá leggur nefndin mjög ríka áherslu á það, að alþingismenn verði hafðir með í ráðum við undirbúning vegáætlunar, hvað varðar skiptingu fjár til hinna ýmsu framkvæmdaflokka. Þá lítur nefndin svo á, að jafnvægis verði að gæta við skiptingu stofnbrautafjár á milli kjördæma. Enn fremur verði að treysta því, að fjárveitinganefnd hafi nána samvinnu við þingmenn einstakra kjördæma, þegar stofnbrautafé er skipt innan viðkomandi kjördæmis.

Frá gildistöku vegalaganna 1. jan. 1964 hafa sýsluvegir verið lengdir tvívegis með lagabreytingu án þess að fjárveitingar til þeirra hafi aukist að sama skapi. Er því óhjákvæmilegt að auka tekjur þeirra nú. Breyting sú, sem Ed. hefur samþykkt á 26. gr. vegalaga, rýrir tekjur sumra sýsluvegasjóða, en henni er á hinn bóginn ætlað að hamla á móti ásókn kauptúna í kaupstaðarréttindi af ótta við há sýsluvegasjóðsgjöld. En það er önnur saga og margþættara mál. Að öðru leyti stefna ákvæði frv. að auknum tekjum sýsluvegasjóða og er það vel, svo langt sem þau ná að leysa vandann.

Með hliðsjón af framanrituðu telur nefndin eftir atvikum rétt að mæla með samþykkt frv. í þeirri mynd, sem það kom frá Ed. Einn nefndarmanna, Karvel Pálmason, hefur lýst því yfir, að hann muni undirrita nefndarálit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 18. des. 1976.

Friðjón Þórðarson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Sverrir Hermannsson.
form., frsm. fundaskr.

Karvel Pálmason, Páll Pétursson, Garðar Sigurðsson, Stefán Valgeirsson.
með fyrirvara.